

Fundargerð stjórnar BÍS 01/2016, miðvikudaginn 3. febrúar 2016 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson formaður fjármálaráðs. Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir tengiliður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir formaður ungmennaráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Dagskrá:

- 1) Setning: Bragi bauð fólk velkomið og setti fundinn.
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 3) Yfirlit stjórnarmanna:
 - a) Bragi: Kíkti á vetrarhátíð á Úlfliótsvatni, gaman að sjá öflugt starf og vandaða dagskrá í köldu vetrarveðri. Mikið af fullorðnum sjálfboðaliðum. Mjög vel mætt og mikil ánægja með viðburðinn. Þátttaka dreifist vel á milli Rvíkurdeildanna. Bragi og Hermann fóru á fund með starfsfólki Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Bragi var hreinskilinn um stöðu BÍS og fundurinn var átakamikill. BÍS hefur ekki hækkað jafn mikið hlutfallslega miðað við önnur ungmennafélög. Niðurstaða fundarins var sú að BÍS myndi senda inn minnisblað til ráðherra um breyttar forsendur, vonandi næst að rétta hlut okkar þar.
 - b) Kristinn: Fjármálavinna, frágangur og lok á sl. ári í bókhaldi.
 - c) Jón Þór: Nokkur erindi borist til alþjóðaráðs. Dagskrá fyrir Auði rekkaskátahóp er í vinnslu. Stefnt er að vinnudegi til að útbúa alþjóðakistu sem getur farið milli skátafélaga og kynnt starfið.
 - d) Ólafur: Skref 2 í Gilwell verður eftir tvær vikur, framhaldsnámskeið eru áætluð í mars og apríl; það er komið fleira fólk í Gilwell-teymið. Fræðsluráð er að leggja drög að efni um fullorðna í skátastarfi til að fjölga þeim. Þau fengu nýjar bækur frá Svíþjóð um fullorðinsfræðslu.
 - e) Heiður: Vinna í búningareglugerð er lokið, ráðið er búi að senda drög að nýrri reglugerð til stjórnar.
 - f) Una: Dagskrárráð hélt vinnudag 24. jan. Þau eru komin með grunn að dæmasafni, foreldrabréfi ofl. Dagskrárvefurinn: vinna í forritun er ekki búin og stoppar frekari vinnu við vefinn. Nýr rammi fyrir forsetamerkið er næstum kominn. Fundur fyrir sveitarfóringja var haldinn nýlega og tókst ágætlega þrátt fyrir fáa þátttakendur. Spurning að kynna fundinn með öðrum hætti til að fá fleiri. Það er komin ein umsókn um starf rekkaráðgjafa. Dagbjört fór til Stíganda í Búðardal og fundaði með þeim, ágætur hugur í þeim. Ýmsir viðburðir framundan, ljósmyndaáskorun, fræðslukvöld og góðverkavikan. Það kom fram hugmynd um að hafa #hashtag# myndaáskorun í góðverkavíkunni.

- g) Fríður: Það var vinnufundur hjá vinnuhópi félagaráðs um síðustu helgi, mikill hugur í fólki og góður fundur. Það verður fundur í félagaráði á morgun, lokavinna á sjálfsmatskerfinu. Kynjahópurinn hittist fljótlega.
- h) Bergþóra: Ungmennanæing verður haldið í Kópaheimilnu, ungmennaráð fór yfir rekkahandbókina og sendi punkta/ábendingar til höfunda bókarinnar.
- i) Skátamiðstöðin: Það er verið að undirbúa fund með þingmönnum mánudaginn 8. febrúar, í kjördæmavíkunni.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a) Félagsforingjafundur 13. febrúar. Dagskráin er samþykkt og verkum skipt á milli fólks. BÍS hefur samband við þá sem beðnir verða að taka að sér málefni á fundinum. Boðið verður upp á hressingu að loknum félagsforingjafundi (gos og snittur).
- b) Skátanæing í mars. Farið var yfir fundarefni og málaflokka. Ákveðið að BÍS hafi ekki afskipti af kvöldskemmtun og uppskeruhátíð fellur niður í ár. Það þarf að ramma vel inn og gefa skýr skilaboð um hvað er í boði á laugardagskvöldið og á vegum hverra en BÍS getur verið með milligöngu um að kynna hvað verður í boði.

5) Meginviðfangsefni 2:

- a) Ársskýrsla og ársreikningar. Lokaskil á ábendingum fyrir ársskýrslu er 10. feb. Að því loknu telst hún samþykkt. Farið var yfir ársreikninga og þeir samþykktir.
- b) Handbók fyrir sveitarforingja rekkaskáta. Ungmennaráð las yfir handbókina og sendi athugasemdir til fræðsluráðs. Fræðsluráð fer yfir punktana og gengur frá bókinni. Hún telst því samþykkt.

6) Mál til kynningar:

- a) Starfsmannamál. Það er verið að kanna með nýjan starfskraft þjónustufulltrúa. Vegna aukinna umsvifa er stefnt að því að auka starf gjaldkera og ráða fjármálastjóra í hálf starf. Það eykur yfirsýn yfir fjármál og stöðu fjármála hverju sinni.

7) Mál til bókunar:

- a) Alþjóðamál. Hjalti var þátttakandi á evrópska flóttamannafundinum. Þar kom fram að skárabandalög telja skyldu sína að sinna æskulýðsstarfi og gefa flóttafólki möguleika á að taka þátt í skátastarfi. Við hjá BÍS þurfum að kortleggja hvar og á hvaða aldri flóttabörn hér á landi eru og hvort hægt sé að bjóða þeim í skátana. Einnig þarf að kanna hvort viðkomandi skátafélög eru í stakk búin til að sinna þeim. Það má etv. fella niður árgjöld og kostnað í upphafi á meðan fólk er að koma undir sig fótunum í nýju landi. Ákveðið var að alþjóðaráð myndi tala við Rauða krossinn, vinna þetta áfram og beina þessu í réttan farveg í samstarfi við félögin. Rammi um Auði djúpúðgu verkefnið er kominn vel á veg. Verkefnið samþykkt og Jóni Þór er falið að klára málið.
- b) Verkefnabók rekkaskáta. Það þarf að búa til sambærilegan útdrátt og í róverskátabókinni. Frestað til næsta fundar.
- c) Rekstraráætlun – *lögð fram og samþykkt.*
- d) Fjárhagsáætlun – *lögð fram og samþykkt.*

- e) Stefnumótun Úlfjótswatns. Málið kynnt og verður tekið fyrir á næsta fundi.
- f) Trúnaðarmál – færð í trúnaðarbók.

8) Önnur mál

- a) Búningareglugerð. Breytingar voru kynntar lauslega, afgreiðslu frestað til næsta fundar. Lagt er til að þetta verði kynnt undir önnur mál á félagsforingjafundi.
- b) Styrktarsjóður skáta. Drög að nýjum reglum sjóðsins voru kynntar og verða tekin nánar á næsta fundi.

Næsti fundur verður 17. febrúar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:01

Fundargerð ritaði SÁ.